

2. fundur skólanefndar ársins 2014 vegna Undralands, haldinn 26. mars 2014 í leikskólanum, kl. 13.00. 24. fundur á kjörtímabilinu 2010-2014.

Mætt: Helgi Jóhannesson formaður, Unnsteinn Eggertsson, sem ritaði fundargerð, Bjarney Vignisdóttir, Valný Guðmundsdóttir, fulltrúi foreldra, Halla Gunnarsdóttir leikskólastjóri og Arnheiður S. Þorvaldsdóttir, fulltrúi starfsfólks.

Dagskrá:

- 1. Skýrsla leikskólastjóra.**
- 2. Rekstur síðastliðins árs.**
- 3. Jafnréttisáætlun.**
- 4. Skólastefna -almenn kynning.**
- 5. Önnur mál.**

Formaður setti fund og bauð viðstadda velkomna og þá sérstaklega nýjan fulltrúa foreldra. Gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla leikskólastjóra.

- ❖ Starfið hefur gengið mjög vel og ýmsar upptækur verið.
- ❖ Kerlingardagurinn og karladagurinn voru haldnir í tilefni af Konudeginum og Bóndadeginum. Það komu kerlingar og karlar á öllum aldri til okkar í heimsókn sem voru leyst út með gjöfum sem börnin höfðu búið til.
- ❖ Við höldum Þorrblót með tilheyrandi mat, söng og dansi.
- ❖ Dagur leikskólans var haldinn hátíðlegur með opnun myndlistarsýningar barnanna á leikskólanum í versluninni Strax. Sýningin var út febrúar.
- ❖ Hinir sívinsælu bollar-, sprengi- og öskudagur voru haldnir hátíðlegir að venju. Við borðuðum yfir okkur af saltkjöti og baunum á sprengidag, á bolludag var hún Inga okkar búin að baka handa okkur dýrindis bollur sem runnu hratt og ljúflega niður. Á öskudaginn mættu allir í búningum og síðan var haldið að Kaffi-Seli þar sem slegið var upp öskudagsballi. Það er foreldrafélag skólans og fjölskyldan á Efra Seli sem hefur boðið leikskólanum upp á þessa skemmtun undanafarin ár. Skemmtunin tókst vel í alla staði.
- ❖ Allar deildir eru búnar að fara á bókasafnið til hennar Áslaugar og kynna sér það. Áslaug hefur lesið fyrir börnin og verið með ýmis konar fróðleik fyrir þau.
- ❖ Sr. Eiríkur heimsækir okkur á þriðjudögum fram að páskum. Hann syngur og les sögur með börnunum.
- ❖ Enn er verið að vinna í betri samskiptum á leikskólanum. Eyþór Eðvarðsson frá Þekkingarmiðlun ætlar að koma til okkar og taka viðtöl við alla starfsmenn og ræða síðan við stjórnendur um framhaldið á þeirri vinnu.
- ❖ Halla og Freyja sækja stjórnendanámskeið í samstarfi við nýju skólaþjónustuna. Þær eru búnar að fara á tvö námskeið annað um skólasamfélagið og hitt var um skólastjórnann og starfsmaðurinn. Það þriðja verður í apríl. Það mun fjalla um skólastjórnann og hópurnum. Mjög gagnleg og góð námskeið.

- ❖ Það eru komin námskeið sem skólaþjónustan stendur fyrir og það er góður áhugi hér hjá okkur fyrir þeim.
- ❖ Ragnheiður Kjartansdóttir hættir hjá okkur núna 31.mars. Ekki verður ráðið í stöðuna hennar vegna fækkunar barna hjá okkur í vetur.
- ❖ Börnum hefur fækkað í vetur því miður. Þau voru 41 en eru 37 núna.
- ❖ Leikskólastjóri er langt kominn með starfsmannaviðtöl og ætlar að vinna úr þeim sem fyrst.

2. Rekstur síðasta árs.

Formaður fór yfir rekstrarniðurstöður leikskólans fyrir árið 2013. Fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að reksturinn kostaði sveitarfélagið 56,9 milljónir, en niðurstaða ársins er sú að reksturinn kostnaði 60,2 milljónir og er munurinn því 3,3 milljónir. Skýringin er að mestu fólgin hækkun á launalið og þjónustukaupum.

3. Jafnréttisáætlun.

Leikskólastjóri fór yfir málið og kynnti jafnréttisáætlun leikskólans fyrir árin 2014 til 2017. Skólanefnd samþykkir jafnréttisáætlun leikskólans Undralands.

4. Skólastefna – almenn kynning.

Sameiginleg skólastefna Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps hefur verið samþykkt í báðum sveitarfélögum. Formaður fór yfir með hvaða hætti verður staðið að kynningu stefnunnar, en hún verður m.a. birt í fréttabréfum sveitarfélaganna, á heimasíðum þeirra og á heimasíðum viðkomandi skóla.

5. Önnur mál.

a. Þjónustukaup. Leikskólastjóri fór yfir stöðu mála varðandi tölvu- og upplýsingamál. Rætt var um að halda skipulega utan um þær athugasemdir sem upp koma varðandi þjónustuna. Samþykkt að beina því til sveitarstjórnar að farið verði í endurskoðun á gildandi þjónustusamningi/um varðandi tölvu- og upplýsingamál.

Fleira var ekki gert.

Fundargerð lesin yfir og samþykkt.

Fundi slitið kl. 13.45.